



## **1. fundur skólaneftndar FG á skólaárinu 2014 - 2015 haldinn fimmtudaginn 11.sept 2014 kl.12:00.**

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólaneftndar, Þorkell Máni Pétursson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðni Th. Jóhannesson varamaður fyrir Sigrúnu Gísladóttur og Jóhann Steinar Ingimundarson varamaður fyrir Áslaugu Huldu Jónsdóttur. Fundinn sátu einnig Ingvar Arnarson fulltrúi kennara, Tómas Geir Howser fulltrúi nemenda og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

### **1. Fjármál skólans**

Með fundarboði voru send rekstraryfirlit fram til ágúst þessa árs og til samanburðar rekstraryfirlit yfir sama tímabil ársins 2013. Í máli skólameistara kom fram að ekki er farið að vinna úr verkfallinu hvað varðar launagreiðslur og því mun áætlunin strax í næsta mánuði ekki standast hvað varðar launin. Skólinn fékk viðbótarfjármagn, rúmlega 20 milljónir. Á sama tíma voru nokkur nemendaígildi tekin af skólanum. Aðrir liðir en launaliðurinn eru samkvæmt áætlun. Skólameistari þakkar það skynsamri fjármálastjórn. Enn er framhaldið nokkuð óljóst, margir þættir geta breyst töluvert eins og t.d. launaliðurinn og nemendaígildi.

Kristinn skólameistari sagði frá fundi sem skólameistarar áttu með menntamálaráðherra 10.sept. Sú staðreynd liggur fyrir að 3ja ára stúdentspróf á að koma til framkvæmda strax haustið 2015, þ.e. gert er ráð fyrir að þeir nýnemar sem innritast það haust útskrifist vorið 2018.

### **2. Innritun í FG á haustönn 2014**

Meiri aðsókn var að skólanum haustið 2014 en nokkru sinni fyrr og voru teknir inn rúmlega 200 nýnemar, nokkuð fleiri en áætlað var. Mjög mörgum umsóknum frá góðum nemendum þurfti að hafna. Nokkur umræða var um það fyrirkomulag að Garðbæingar gengju fyrir við innritun og menn veltu fyrir sér hvort slíkt fyrirkomulag ætti að halda áfram. Rætt var um samfélagslega ábyrgð skólans, skólastefnu bæjarins og málefni sveitarfélaga almennt. Um helmingur nemenda í FG í dag kemur úr Garðabæ.

### **3. Starfsmannamál**

Meðal fundargagna var yfirlit yfir helstu breytingar í starfsmannamálum.

### **4. Afmæli FG**

Skólameistari sagði frá afmælishátíð skólans sem haldin var 10.september fyrir nemendur og starfsmenn skólans. Hátíðin tókst vel.

### **5. Önnur mál**

Tómas Geir Howser forseti NFFG sagði frá skólafélaginu og helstu þáttum félagslífs nemenda. Félagslífið er öflugt, atburðir á vegum skólafélagsins eru settir á heimasíðu skólans.

**Næsti fundur: 6. nóvember.**

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.